

1. Inngangur

Sjálfsmat er orðinn fastur hluti af skólastarfi í FG. Margt er gert og margt verður gert á skólaárinu 2007-2008. Skólinn er með stefnuskrá sem birt er á heimasíðu skólans og endurskoðuð á hverju ári. Skólinn setur sér markmið sem eru birt á heimasíðu skólans og endurskoðuð á hverju ári. Einnig er margt annað mat í gangi bæði formlegt og óformlegt. Ítarleg skýrsla var gefin út árið 2005 og aftur í október 2007. Fyrirhugað er að slík skýrsla verði gerð á hverju ári héðan í frá, en ekki svo ítarleg enda spannaði síðasta skýrsla þrjú ár. Nánari lýsing á fyrirhuguðu sjálfsmati kemur hér á eftir.

2 Hvað á að meta?

2.1 Kennsla og námsárangur.

- Kennsla verður metin í könnun sem lögð verður fyrir alla nemendur skólans í öllum námsáföngum í lok nóvember (síðustu kennsluviku haustannar). Niðurstaða þeirrar könnunar verður borin saman við kannanir frá umliðnum árum. Kennarar fá niðurstöður kennslukannana hjá aðstoðarskólameistara og skólameistara. Þar er niðurstaðan rædd. Hvað er gott og hvað má betur fara og markmið næstu anna sett fram. Kennslumatið fer fram í Myschool sem er það námskerfi sem notað er í FG. Framkvæmd kennslumatsins er í höndum gæðahóps tvö sem mun endurskoða könnunina og leggja til einhverjar breytingar. Niðurstöður má sjá í næstu sjálfsmatsskýrslu.
- Námsárangur er metinn með hliðsjón af námsárangri síðustu anna. Kennslustjórar munu stýra starfi innan sinna deilda sem felst í að bera saman námsárangur á milli ára. Í lok hverrar annar leggja kennslustjórar deilda fram skýrslur um þá áfanga sem kenndir eru undir þeirra stjórn. Fyrirhugað er að staðla skýrslur kennslustjóra til að að auðvelda samanburð, annars vegar milli námsgreina og hins vegar á milli ára. Skýrslur kennslustjóra eru svo birtar í sjálfsmatsskýrslu.
- Í skólanum er starfandi stallari sem m.a. fylgist með skólasókn nemenda. Hann heldur utan um gögnin og ber saman skólasókn milli anna. Talsverð óánægja er með núverandi kerfi og mun verða tekið upp nýtt kerfi á vorönn 2008. Skýrsla stallara birtist í sjálfsmatsskýrslu.
- Á vorönn 2006 var tekið upp gæðastjórnunarkerfi á prófum. Við gerð þess var stuðst við fyrirmyndir frá Fjöltækniskóla Íslands og aðlagð að þörfum FG. Á síðustu önnum var unnið við að slípa kerfið til. Verki þessu er stjórnað af gæðahóp fimm. Á vorönn 2008 verður tekið upp sambærilegt kerfi með kennsluáætlanir og athugun á samræmi námskrár og innihaldi áfanga og það kerfi sett í ferla. Niðurstöður má sjá í næstu sjálfsmatsskýrslu.
- Breytingar voru gerðar á framkvæmd námsáætlana. Þær skiluðu talsverðum árangri en ullu einnig óánægju hjá umsjónarkennurum. Skipuð var nefnd námsráðgjafa, áfangastjóra og tveggja umsjónarkennara til að leggja fram hugmyndir um breytt form umsjónarkennslu og framkvæmd námsáætlana.

2.2 Samskipti starfsmanna og starfsandi.

- Sérstakur gæðahópur hefur með höndum vellíðan starfsmanna. Á síðasta vetri voru framkvæmdar tvær kannanir á starfsánægju. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri könnun að þessu sinni.

2.3. Gæðahópar innan FG

- Fimm gæðahópar eru starfandi í FG. Allir hópar munu skila skýrslum í lok vorannar 2008. Núverandi viðfangsefni eru:

Hópur eitt, verkefni:

- Bætt umhverfi (leiðir til að bæta umgengni, umhirðu o.fl.).
- Velliðan starfsmanna (húsnæði, vinnuaðastaða, búnaður, mötuneyti o.fl.).
- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna.

Hópur tvö, verkefni:

- Árangur nemenda í námi.
- Velliðan nemenda.
- Viðhorfskönnun meðal nemenda.

Hópur 3, verkefni:

- Myschool kerfið (náms og kennslukerfi) framkvæmd og endurbætur.

Hópur 4, verkefni:

- Bætt félagslíf nemenda.
- Útgáfustarfsemi á vegum NFFG.
- Stuðningur við þátttöku í Spurningakeppni framhaldsskóla.
- Stuðningur við þátttöku í Morfís.

Hópur 5, verkefni:

- Formlegt sjálfsmat í FG.

3 Hverjir meta.

- Á haustönn og vorönn verður matið í höndum nemenda og starfsmanna FG. Nemendur munu eins og síðustu annir meta alla þá áfanga sem þeir stunda nám í. Á þetta jafnt við um fjarnám og dagskóla.
- Skýrslur verða gerðar af öllum kennslustjórum. Við mun bætast skýrsla félagsmálafulltrúa.

4 Hjálpartæki við matið.

- Spurningalistar, viðhorfskannanir, einkunnagögn, skólasóknargögn, brottfallsgögn, o.s.frv. Leitað verður til sérfræðinga eins og þörf er á.

5 Tímaáætlun

- Kennslumatskönnun í nóvember 2007.
- Kennslumatskönnun í apríl 2008.
- Skýrsla gæðahópa í júní 2008.
- Skýrsla kennslustjóra í júní 2008.
- Skýrsla stallara í júní 2008.
- Söfnun og flokkun gagna júní-ágúst 2008.
- **Skýrsla um sjálfsmat FG í október 2008.**

6 Fjárhagsáætlun sjálfsmats og gæðastarfs skólaárið 2007-2008

- Utanaðkomandi sérfræðingar 200.000
- Kennslukannanir 300.000
- Gæðahópar 975.000
- Sjálfsmatsskýrsla 350.000

7 Birting sjálfsmats

- Skýrslur allra hópa og ráða verða geymdar hjá skólameistara.
- Sjálfsmatsskýrsla verður birt á heimasíðu skólans í október 2008.

8 Hvernig verður matið nýtt?

Sjálfsmat og gæðastarf er í dag órjúfanlegur hluti skólastarfsins. Skýrslur sem lagðar eru fram eru nýttar til að bæta skólastarfið, móta starfsmannastefnu og setja markmið næstu ára. Einnig felst í gæðastarfinu beinar aðgerðir sem hafa strax áhrif á það starf sem hér er innt af hendi. Má þar sérstaklega benda á gæðahópa þrjú, fjögur og fimm sem getið er hér að ofan.

9 Umfang vinnu

- Nemendur kennslukönnun. U.þ.b. ein klukkustund á nemanda 900 tímar
- Matshópur. U.þ.b. 30 tímar.
- Stjórnendur og skrifstofa (gagnasöfnun og úrvinnsla gagna) 100 tímar
- Gæðahópar 250 tímar
- Sjálfsmatsskýrsla 150 tímar.

Þorsteinn Þorsteinsson skólameistari
Kristinn Þorsteinsson aðstoðarskólameistari